

TILSKIPUN RÁÐSINS 1999/86/EB

frá 11. nóvember 1999

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun 76/763/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi farþegasæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/763/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi farþegasæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta núverandi hönnun á farþegasætum; sem svar við athugasemdum tiltekinna aðildarríkja er nauðsynlegt að samþykkja frekari ákvæði um farþegasæti, með aukið öryggi farþega í huga.
- 2) Til þess að auka öryggi skal forðast hvers kyns hindranir sem kunna að hefta ökumanninn.
- 3) Nefndin um aðlögun að tækniframförum, sem komið var á fót með tilskipun 74/150/EBE, skilaði ekki álitni innan þess frests sem formaðurinn ákvað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 76/763/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. janúar 2001 er aðildarríkjum óheimilt:
 - að neita að gefa út EB-gerðarviðurkenningu, skjalið sem um ræðir í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu eða
 - að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun.

ef þær dráttarvélur uppfylla skilyrðin í tilskipun 76/763/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 2001 mega aðildarríkin:
 - ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir hvaða gerð dráttarvélar sem er,
 - að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir hvaða gerð dráttarvélar sem er,

sem uppfyllir ekki skilyrðin í tilskipun 76/763/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

Fyrir 1. október 2002 og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE skal framkvæmdastjórnin breyta tilskipun 76/763/EBE enn frekar í því skyni að setja viðbótarákvæði um farþegasæti með það í huga að auka enn frekar öryggi farþega.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. nóvember 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

S. HASSI

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjttíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 135. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB (Stjttíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

VIÐAUKI

Í viðaukanum við tilskipun 76/763/EBE er II. hluta breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 2. og 3. liðar:

„2. Hvert sæti verður að vera með baki sem er ekki lægra en 200 mm og með innbyggðum hliðarstuðningi. Ofangreint mál á ekki við ef sætisbakið er hluti af stýrishúsi eða veltigrind. Sætispúðinn skal vera annaðhvort bólstraður eða fjaðrandi.

3. Fyrir farþega skal vera stöð til að hvíla fætur á svo og handföng til að auðvelda farþega aðgang að farþegasætinu og sem farþeginn getur haldið sér í.“

2. Í stað fyrsta málslíðar í annarri málsgrein 4. liðar komi eftirfarandi:

„Efri hluti auða rýmisins, sem ætlað er fyrir farþega, má að aftan og til hliðanna vera takmarkað við geisla sem er 300 mm eða minni (sjá teikningu í viðbæti).“

3. 6. liður falli brott.
